

## 43. fundur í Æskulýðs- og íþróttanefnd Ráðhúsloftinu

26. apríl 2011 kl. 18:00

Mættir: Einar Gunnarsson, Birta Antonisdóttir frá Snæfelli, Eydís Eypórsdóttir, Vignir Sveinsson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson formaður Snæfells, Helga Guðmundsdóttir, Ingi Berg Ingason og Helga Sveinsdóttir.

1. Hj. Kristinn formaður Snæfells gerði grein fyrir starfinu hjá Snæfell. Starfið hefur gengið vel í vetur, galli hvað þarf að keyra marga aldurshópa saman vegna fæðar í sumum árgöngum. Fótoltasamstarfið á Nesinu hefur ekki gengið sem skyldi, Hólmarar oft notaðir sem uppfylling í liðin. Samstarfið hefur varað í 10 ár og telur Kiddi að það hafi ekki gengið sem skyldi. Rætt um hin ýmsu mót sem börn sækja víða um land, kostnaður, vegalengdir ofl. Stungið upp á að vera frekar með mót á milli liða í heimabyggð eða á Vesturlandi.

Snæfell hefur átt mjög gott samstarf við Skallagrím í tvo vetur í unglingsflokk og drengjaflokk en þá eru ekki samæfingar heldur sameinast þeir í leikjunum með góðum árangri.

Aðalfundur Snæfells verður haldinn á morgun 27/4 og hefur komið fram beiðni um nýja deild innan félagsins, þríþrautardeild sem tekin verður fyrir.

Æfingar hjá frjálsíþróttadeildinni hafa gengið vel en vandræði er með að ná saman stjórn til að halda utan um hana.

Kiddi á í fórum sínum hinar ýmsu mælingar á vegalengdum í nágrenni Stykkishólms til maraþonhlaups og væri verðugt verkefni að nýta það einhvern tímann.

Snæfell hefur fullan hug á að endurtaka leikjanámskeið eins og var í fyrra sumar en það á eftir að skipuleggja það nánar.

Einar greindi frá að nú væri að skapast góðar aðstæður fyrir æfingar fyrir börn í golfinu og verða æfingar í tveimur flokkum tvisvar í viku í sumar.

Rætt um stubbahús við íþróttamiðstöðina en það má ekki reykja fyrir utan húsið og því ekki til umræðu að setja upp slíkt hús. Vignir telur að munntóbaksnotkun hafi minnkað undanfarna mánuði. Mikilvægt að þeir sem halda mót þrílika fyrir utan húsið eins og að innan. Vignir segir að umgengni sér alltaf versna og lögð verður áhersla á betri umgengni í áhaldageymslum. Starfsmaður íþróttamiðstöðvar mun framvegis fylgja eftir í hvert sinn láni og skilum á áhöldum. Stefnt er að því að þússa, gólfið í íþróttasalnum, taka línur, leggja nýjar og lakka upp á nýtt. Vignir segir að losa þurfi dót úr áhaldageymslu undir stúkunni þannig að hægt sé að nota hana undir íþróttáhöld.

Einar spurði Kidda um samskipti Snæfells við Stykkishólmsbæ. Hann telur að þau séu í góðum farvegi en öll samskipti eiga að fara í gegnum aðalstjórn og hafa gert það. En

Þó eru dæmi þess að menn fari upp á sitt einsdæmi til að ræða við bæjarstjóra um hin ýmsu mál. Reksturinn gengur að öðru leyti vel. Á síðasta kjörtímabili var samþykkt að veita árangurstengda styrki.

Fundi slitið kl. 19:45

Helga Guðmundsdóttir (sign),  
Einar Gunnarsson (sign),  
Ingi Berg Ingason (sign),  
Helga Sveinsdóttir (sign),  
Birta Antonsdóttir (sign),  
Eydís Eyþórsdóttir (sign),  
Vignir Sveinsson (sign),  
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson (sign).